

Nd.

393. Frumvarp til laga

[195. mál]

um breyting á lögum nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963—64.)

1. gr.

10. grein laganna orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í veðdeild Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkvæmt 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir $\frac{2}{3}$ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársofnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samlagt að minnsta kosti 50000 kr.

Sérhverjum skal heimilt að leggja til hliðar í þessu skyni hærri hluta launa sinna en 15%, byrja sparnaðinn fyrir en tilskilið er og halda honum áfram lengur. Þeir, sem lagt hafa fé í veðdeild Búnaðarbankans og vilja stofna bú í sveit, skulu njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu um lán til bústofnunar úr deildum Búnaðarbankans. Heimilt er Búnaðarbanka Íslands og húsnæðismálastjórn að semja um, að réttindi þessi verði gagnkvæm.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. grein, skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna sívaxandi þarfar á fjármagni til íbúðabygginga er lagt til með frumvarpi þessu, að skyldusparnaður fólks á aldrinum 15—25 ára, verði hækkaður úr 6% af launatekjum þess í 15%.

Áætlað hefur verið, að þessi hækkun á skyldusparnaðinum muni nema ca. 30 millj. krónum fyrsta árið. Fé það, sem þannig er aflað til íbúðalána mun þó fara minnkandi með hverju ári, sem líður vegna þeirra, sem ná 26 ára aldri og taka þá jafnan strax út skyldusparnað sinn.

Um leið og lagt er til að hækka skyldusparnaðinn eins og að ofan greinir, er einnig lagt til að orðin „— að öðru jöfnu“ í 3. mgr. verði felld niður, en af því leiðir, að forgangsréttur til íbúðalána, sem nú er veittur, „— að öðru jöfnu —“ verður for- takslaus til þeirra, sem lokið hafa skyldusparnaði og uppfylla önnur skilyrði laganna til þess að fá lán. Lánveitingar til þeirra ganga því fyrir öllum öðrum lánveitingum til íbúða. Um leið og forgangsrétturinn er þannig aukinn, er eðlilegt, að breyta lágmarkinu úr kr. 25000.00 í 50000.00.

Tekjur fólks á aldrinum 16—25 ára hafa aukizt mjög mikið nú hin síðustu árin, svo að fjármagn það, sem þetta fólk hefur undir höndum, er að margra dómi meira en heppilegt er fyrir ungt fólk, sem oft skortir nokkuð á ráðdeild hjá, um meðferð sjálfsaflafjár.

Frumvarp þetta ætti því að geta stuðlað að farsælli framtíð unga fólksins og nokkurri úrlausn aðkallandi vandamáls, ef að lögum verður.